

Brief frá Kristínu Ástgersdóttur til Magnhjáru Sólunnar í kaupmannshöfn

Það gerðist merkur atburður í lífi mínu hinn 3. maí sl., 19-20. maí 1981
bann dag varð ég brítug og telst því til broskaðra og (væntan-
lega) virðulegra kvenna. Hvað um það sl. laugardagskvöld sáum
við nokkrar ofstækisfullar Rauðsokkur ástæðu til að gera tilraun
til að stela gosbrunninum á tjörninni, ^{en} ránið mistókst. Þannig ~~ax~~
var að hennan morgun var morgunkaffi í Sokkholti, vél sótt og
hressilegt (gestur Þorbjörn Broddason sem naut sín vel innan um
hið veika kyn), sól skein í heiði og heldur þú ekki að hitinn
hafi smám saman klifrað upp í ein 16-17 stig. Sem við vorum á
leið út, undirrituð, Imba Hafstað, Didda, Halla og Ína (systir
Höllu) kom upp sú hugmynd að slá upp garðveislu með öllu því
fljóttandi sem hægt var að festa hönd á. Þá var í Hjördísi sem
reyndar hafði heitið því bá um morguninn að smakka aldrei áfengi
framar, en sló nú til. Um daginn var mikið rætt um kvennaframboð
í borgarstjórnarkosningunum næsta sumar (róttækt), heldurðu að
það myndi hvína í Allaböllum? og bá kom upp sú hugmynd að ræna
helvítis gosbrunninum, bara af því að hann er svo ljótur.
Eftir mat og heimsókn í borgaralegt og fágað (þjóðlegt) party
fyrrum námsmanna í Noregi (sumir hverjir fyrrv. maðistar), var
haldið heim til Hjördísar, þar sem hópurinn (4) vopnaðist kaðli.
Hjördís uppástóð að það væri hægt að snara gosbrunninn, svona líkt
og kúrekar gera, og draga hann svo í land. Fyrst var reynt að
snara, en það mistókst auðvitað, enda allt of langt í brunninn,
þá óð Imba út í, en sökk upp að mitti í drulluna, fékk innilokunar-
kennd og sneri við, enda búin að skera sig illilega. Þá byrjaði
Hjördís eina ferð, en leist ekki á, þá tók Didda sig til, snaraði
sér úr pilsinu og óð út að helvítinu, greip í og togaði, en sjálf
himinmigan reyndist naglföst á steiptum palli. Það var kostulegt
að sjá Diddu þarna á brókinni úti á pallinum, enda voru bílar farnir
að stoppa á tjarnarbrúnni til að kanna hvað væri á seyði. Sennilega
hefði lögreglan hirt okkur hefðum við ekki komið okkur af stað
heim til Hjördísar, þar sem liðið fór í það og gert var að sárum.
Það var reyndar meiningin að láta handtaka okkur til að geta farið
í hungurverkfall á stundinni, en það mistókst líka. Það bíður sem
sagt betri tíma að sprengja miguna upp, og aldrei að ~~vita~~ vita
nema það verði gert, einhvern góðviðrisdaginn. Svona nokkuð heitir
• • •

Það er allt meinlegt að fréttu af Rsh., mætti vera hressara,
en gengur bó. Vel á minnst blaðið. Ég hef ekki alveg yfirlit
yfir sölu hár, en það verður farið í saumana á því máli innan
skamms. Gjaldkeri hreyfingarinnar gerðist nefnilega svo djarfur
að taka peningana til að borga húsaleigu, en við eigum eftir að
rukka inn fyrir öllu saman og þegar því verður lokið fáíð þið
ykkar skammt. Ég var mjög ánægð með blaðið, efnislega, en það var
greinilegt að prentunin hafði farið svolítið úr böndum. Ég hef
ekki heyrt annað en að konur hafi verið ánægðar með það, þó heyrði
ég þá gagnrýni að þetta væri allt upp úr bókum, hefði mátt vera
meira frá ykkur sjálfum, hvað þið væruð að þæla (sem er jú væntan-
lega þækurnar?). Ég ætlaði alltaf að segja þér frá 8. mars, en
það er orðið svo langt síðan það var að ég sleppi því. 1. maí var
með daufara lagi, þó var ganga Rauðrar verkalýðseiningar stór og
fundir ágætir. Hjördís hélt ræðu fyrir Rsh., en á æðsta stað þ.e.
~~þess~~ hjá sjálfri verkalýðsförystunni var okkur hafnað, hins vegar
báðu þeir um að fá aðalkröfu okkar „lánaða“ og máluðu hana stórum
stöfum á spjald sem hékk á Lækjartorgi: Verjum réttinn til vinnunnar
þeir eru svo frjórir og frumlegir í ASÍ. Þegar næsta blað verður
komið á prent, ætlum við nokkrar að setjast niður og fara í alvöru
að ræða kvennaframboð. Hvernig lýst þér á? Við munum væntanlega
segja sem svo: Við settum okkur ekki við þetta ástand lengur í
þessum og þessum málum, við treystum ekki borgarstjórnarflokkunum til
að gera breytingar, við ætlum að berjast fyrir þeim og setja fram
róttæka, kvennapólitíska stefnuskrá. Það má vel ræða þetta og hugsa,
og alla vega hótta þessu, hvað sem úr verður. (Ekki vildi ég vera
á þiðviljanum þegar þetta framboð verður kynnt.)